

verið talið hér nálega sjálfsagt, að allt útlent væri fremra en það sem íslenskt er. Og að vísu er þetta vel skiljanlegt. Afturförin hafði verið hér svo mikil. Hvergi voru ástæður eins erfiðar. Íslendingum stórfækkaði á sama tíma sem aðrar Norðurlandþjóðir stórjukust að mannfjölda. Æðstu embættismennirnir, hirðstjórar, höfuðsmenn, stiftamtmenn og eigi allsjaldan biskupar, voru útlendingar; sömuleiðis kaupmennirnir. Að verða mikill maður, var fyrir Íslending erfiðara en annarra þjóða menn og langerfiðast áttu þeir, sem í andlegum eignum hefðu getað orðið mikilmenni. Og jafnvel þó að það tækist, áttaði þjóðin sig ekki á því. Menn kunnu ekki einusinni að meta hvílík andleg stórvirki er um að ræða, þar sem eru hinar fornu bókmenntir vorar, og gleymdu nöfnum flestra höfundanna. Það þurfti útlenda menn til að fá Íslendinga til að gera sér ljóst, að Snorri Sturluson hefði verið nokkuð tiltakanlega merkilegur maður, og sama má að miklu leyti segja um Jón Sigurðsson.

Sá skilningur, að íslensku þjóðinni er merkilegt hlutverk ætlað, hefir ekki verið til fyrr en nú, og þykir mér ekki ólíklegt, að sumir muni vilja halda því fram, að þar sé ekki um annað að ræða en „mótvægi vanmáttarkenndar“. En þó býst ég við, að það verði nokkuð erfitt að sýna framá, að það sé af íslenskri minnimáttarkennd, sem þessari skoðun um sérstaka þýðingu íslensku þjóðarinnar fyrir allt mannkyn, er nú haldið fram á Bretlandi og í Ameríku. Og þyrfti þjóðin að gefa þessu mun meiri gaum en orðið er ennþá. Því að á því er einmitt hin mesta þörf, að aukið sé sjálfstraust ísl. þjóðarinnar, en þó vitanlega þannig, að fullri greind sé beitt. Og þakklátir megum vér vera þeim ágætu útlendingum, sem veitt hafa þjóðinni svo aðdánlegan stuðning í þessu efni, eins og Rasmus Rask, Ellsworth Huntington, William Morris, og síðast en ekki síst Adam Rutherford.

19. nóv. 1941.

23. *Áriðandi viðleitni*

Ekkja eftir frægan leikara enskan hefir í bók, er hún nefnir Albert Chevalier comes back, lýst því, hvernig hún

með hjálp eigi allfárna hinna bestu miðla á Englandi fékk samband við mann sinn framliðinn. Hafði hún ekki áður haft neinn áhuga á slíku, en hefur nú með tilraunum þessum, sem hún segir nokkuð af, sannfærst um, að maður hennar lifi þó að hann sé látinn, og að hún hafi fengið samband við hann. Virðast sannanir þær, sem hún færir fram, óhrekjandi. En þó er það ekki þeirra vegna, sem mér þykir bókin merkileg, því að ég hefi fyrir löngu gengið algerlega úr skugga um það, að framliðnir lifa, og að samband má fá, þó að alltaf sé ófullkonnara en vera þyrfti. Bókin hefir í mínum augum gildi helst vegna þess, að þar kemur fram á skemmtilegan hátt þessi algenga viðleitni framliðinna á að koma þeim, sem þeir fá samband við, í skilningum, að lífið eftir dauðann er líkt lífinu fyrir dauðann. Dauðinn er það, að líkaminn, þessi ákaflega mikilsverða og merkilega vél, sem gerð er úr efnum þessarar stjörnu, sem vér nefnum jörð, ónýtist, en lífsaflíð byggir sér þá nýjan líkama á annarri stjörnu, sem líks eðlis er og jörðin, og úr efnum þeirrar stjörnu. Hinn framliðni er líkamleg vera eftir sem áður, fluttur á aðra jarðstjörnu, en ekki yfir í neina dulræna rýmd (dimension). Ekkert er frú Chevalier fjær en að skilja það, sem nú var sagt. Hún heldur, að framliðnir lifi sem andar og dvelji hér í kringum oss. Upplýsingarnar, sem koma, eru svo skemmtilegar einmitt af því, að þær stinga algerlega í stúf við hennar eigin hugmyndir um framhaldstilveruna eða framlífið. Einu sinni segir hún (áður nefnd bók, s. 153): „Ég hefi lesið, að þið getið neytt einhverrar tegundar af fæðu í andaheiminum. Er það rétt?“ „Já,“ segir maður hennar, „við neytum ávaxta og vatns og kjarnvökva (essences).“ Hún biður hann að nefna einhverja ávextina, og segir hann þá: „Við höfum plómur og yndislegar ferskjur líkar þeim, sem þið hafið á jörðinni.“ S. 174 segir hann: „Við höfum fengið stóran landskíka og fagran skóg að húsabaki.“ Skemmtilegasti staðurinn er á síðu 170. Þar fréttir frúin, að systir manns hennar, sem andast hafði á barnsaldri, sé gift syni hennar af fyrra hjónabandi. Þetta fær hún ekki skilið, eins og ekki er heldur von, eftir þeim

hugmyndum, sem hún gerir sér um líf framliðinna. „But, dearest, I can't grasp it,“ segir hún. En þá segir hann: „Hvers vegna geturðu ekki það? Þetta er heimur (jörð) eins og ykkar.“ (Why can't you? This is a world like yours). Þetta kalla ég dýrmæt orð, og má furðulegt heita, að takast skuli að koma fram þessum þýðingarmiklu sannindum, svona þvert ofan í sannfæringu viðtakanda. Áríðandi staður er ennfremur þessi á s. 182: „Hvar heldurðu að við séum,“ segir hann; „viltu geta?“ „Hérna við hliðina á mér,“ segir hún. „Nei,“ segir hann, „við erum á Sumarlandinu ...“ „Hversu furðulegt,“ segir hún; „hvernig læturðu Florrie — það er stúlkan sem skrifar — heyra til þín?“ „Þráðlaust,“ segir hann. „Hvernig heyrir þú til Lundúna?“ — frúin á heima í annarri borg. — „Hugsanaöldur (thought waves) ná til miðilsins,“ segir hann. —

Langt mál og fróðlegt mætti rita til þess að sýna, hversu þrálátlega hinir framliðnu eru að leitast við að segja frá því, að þeir lifa eftir dauðann líkamlegu lífi á öðrum stjörnum, og er illt til þess að vita, hve illa gengur þar að koma fram hinum rétta skilningi. The world is out of joint, segir í Hamlet — í hinu fræga leikriti —; heimurinn er úr liði, (ekki í þeim skorðum, sem þarf að vera); og svo mun verða, uns fengin er þekking á undirstöðulögum lífsins. Þá fyrst verður auðið að komast á þroskaleið og láta rætast hina dýrðlegu möguleika tilverunnar.

2. sept. '27.

24. *Ljósið frá Íslandi*

I

Ekkert er mér fjær en að vilja telja nokkurn mann af að lesa bækur Jónasar Guðmundssonar, forstjóra. Hitt vildi ég heldur. Og munu að vísu flestir vera þess auðeggjaðir. Því að það væru undarlegir menn, sem engan hug hefðu á að vita hverju spád hefir verið um úrslitafíðindi þau sem nú eru að gerast, og í vændum eru, ekki síst þegar um þær spár er að ræða, er sumar hafa þegar sannast. En þó er það nú ekki